

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/302
komudagur 30.11/31/302

Egilsstöðum 28. 11.2004

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn Landssamtaka skógareigenda um frumvarp til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000 og skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingum

Í þessu lagafrumvarpi leggja Landssamtök Skógareigenda til að í 19. gr. verði í: a).
D-liður 1. tölul. orðist svo;


Nýræktun skóga á **200 ha** svæði eða stærra þar sem ekki er í gildi skipulagsáætlun sem markar stefnu um skógrækt og leyfisveitingar vegna slíkrar framkvæmda eða nýræktunar skóga á verndarsvæðum, svo og **varanleg eyðing** á náttúrulegum skógi.

Rökstuðningur :

Landssamtök Skógareigenda leggja mikla áherslu á að viðmið í núverandi lögum 106/2000 verði höfð óbreytt **200 hektarar**. Forsendur hafa ekki breyst frá setningu núverandi laga og það er mikilvægt að hafa sátt um þessi stærðarmörk. Þeir sem rækta og skipuleggja skógrækt í landinu eru nær undantekningalaust innan landshlutabundinna skógræktarverkefna, þar sem fullt tillit er tekið til verndarsvæða.

LSE leggur til orðalagið **varanleg eyðing** í stað ruðnings. Varanleg eyðing er áhyggjuefni allra þeirra sem láta sig umhverfisvernd varða.

F.h. Landssamtaka Skógareigenda



Edda Kr. Björnsdóttir, formaður
Miðhúsum
700 Fljótdalshéraði.